

Verklagsreglur um auglýsingar, kynningar o.fl.

Auglýsingar í grunnskólum Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Dreifing auglýsinga (dreifimiðar, auglýsingapésar o.fl.) utanaðkomandi aðila er óheimil innan grunnskólans. Heimilt er að veita undanþágur í eftirfarandi tilvikum og öðrum sem skólastjóri kann að samþykkja hverju sinni:

1. Tilkynningar frá Íþróttafélögum í Ísafjarðarbæ s.s. æfingatafla o.þ.h. er dreift meðal nemenda enda eru engar upplýsingar um verð á tilkynningunum.
2. Tilkynningar frá Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ) um málefni sem snerta nemendur skólans beint. Ekki skal getið um verð á dreifimiðum sem nemendur fá.
3. Dreifimiðar er varða kannanir sem menntamálaráðuneyti, SFÍ, fræðslunefnd eða aðrir opinberir aðilar standa að eða hafa gefið leyfi fyrir.
4. Dreifimiðar frá foreldrafélagi og foreldraráði skólans.
5. Dreifimiðar er auglýsa fundi, samkomur o.fl. er varða skólastarfið enda verði aðgangseyris ekki krafist eða að aðgangseyrir skuli aðeins standa undir beinum útlögðum kostnaði.
6. Dreifimiðar er auglýsa leiksýningar sem foreldrafélag og/eða skóli hafa keypt enda sé aðgangseyris ekki krafist.
7. Dreifimiðar, veggspjöld o.þ.h. frá félagsmiðstöð.

2. gr.

Heimilt er að hengja upp auglýsingar (veggmyndir) á ákveðnum stöðum í húsnæði skólanna í samráði við skólastjóra. Verð þar sem um slíkt er að ræða skal almennt ekki auglýst innan grunnskólans. Heimilt er að hengja upp veggauklýsingar í eftirfarandi tilvikum og öðrum sem skólastjóri kann að samþykkja hverju sinni:

1. Auglýsing um viðburði Tónlistarskóla Ísafjarðar og LRÓ er tengjast nemendum ekki beint.
 2. Kórstarf er nemendur taka þátt í.
 3. Starfsemi skáta, Björgunarsveita og Slysavarnarfélags.
 4. Menningarviðburðir á svæðinu þar sem aðgangseyris er ekki krafist.
 5. Félags- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar.
 6. Starf þjóðkirkjunnar með fermingarbörnum.
 7. Starfsemi Íþróttafélaga í bæjarfélaginu.
 8. Auglýsing kappleikja hjá liðum Ísafjarðarbæjar.
- Hvað aðrar veggmyndir varðar þ.e. slagorð o.fl. þá metur skólastjóri hvort slíkt skuli hengt upp. Hefð er fyrir því að hengja upp veggmyndir með áróðri gegn reykingum, áfengis- og vímuefnanotkun, einnig frá Rauða krossinum o.fl. mannúðarsamtökum.

Styrktarlínur og styrkir

3. gr.

Beiðnum um styrktarlínur eða styrki til ýmissa félaga og góðgerðarsamtaka skal ávallt vísað til bæjarritara.

Nafnalistar nemenda

4. gr.

Skólinn dreifir ekki nafnalistum þar sem símanúmer og kennitölur koma fram ásamt því að nöfn nemenda tengjast nöfnum forráðamanna nema til opinberra aðila sem þurfa slíkar upplýsingar og hafa leyfi Persónuverndar. Þá er átt við stofnanir eins og Námsmatsstofun, Hagstofu Íslands, menntamálaráðuneyti o.fl. Skólastjóri metur aðrar beiðnir en hér greinir.

5. gr.

Nafnalistum nemenda er þó heimilt að dreifa til eftirfarandi aðila (nöfn nemenda og heimilisföng, þó er heimilt að dreifa símanúmerum hafi þau birst í bekkjarnámskrá) að því tilskyldu að skrifleg beiðni um það hafi borist skólanum:

1. Tónlistarskóla Ísafjarðar og LRÓ
2. Ökuskóli Ísafjarðar (tiltekinn árgangur)
3. Foreldrafélag og foreldraráð skólans.
4. Til einstaklinga (aðeins nöfn) þegar ætlunin er að kalla saman tiltekinn árgang/bekk eftir ákveðinn árafjölda frá útskrift.
5. Tengiliðir og bekkjarfulltrúar
6. Skátarnir og kirkjan (tiltekinn árgangur vegna fermingar)

Heimsóknir í skólana

6. gr.

Heimsóknir utanaðkomandi aðila í bekki grunnskólans eru almennt ekki leyfðar. Untantekningar eru:

1. Heimsóknir frá Gideon-félaginu í 5. bekk.
2. Heimsóknir lögreglu t.d. vegna umferðarfræðslu.
3. Heimsóknir í forvarnartilgangi t.d. vegna vímuvarna.
4. Kynning á íþróttastarfi íþróttafélaga í sveitarfélaginu.
5. Kynning á viðurkenndu æskulýðsstarfi s.s. skátar o.fl.
6. Heimsóknir frá foreldrafélagi (foreldraráði).

Að öðru leyti skal skólastjóri meta aðstæður. Kennurum er heimilt að leifa aðrar heimsóknir en hér greinir þegar það tengist bekkjarstarfinu.

Kannanir / athuganir

7. gr.

Heimilt er að leggja fyrir kannanir í skólunum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum (sjá einnig 1. gr. 3 tl.):

1. Að könnun sé framkvæmd af opinberum aðilum (og sé e.t.v. hluti af landskönnun og/eða samnaburðarkönnun) sem hafa fengið öll tilskilin leyfi s.s. Námsmats-stofnun, Ráðgjöf & greining, menntamálaráðuneyti o.fl.
2. Að um sé að ræða könnun sem framkvæmd er af skólanum, SFÍ, fræðslunefnd, samtökum foreldra enda verði niðurstöður gerðar opinberar ef við á. Þess skal þó gætt að afla leyfa frá foreldrum.
3. Aðrar kannanir er skólinn kann að samþykkja hverju sinni og foreldrar hafa gefið leyfi fyrir.